

Fundargerð 28.03.2019

**Mætt voru:** Vala Steinsdóttir, grenndarfulltrúi, Jökull Pétursson, fulltrúi foreldra, Ellý Erlingsdóttir fulltrúi kennara og Erla Jónsóttir fulltrúi annarra starfsmanna. María Pálmadóttir skólustjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólustjóri sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá fundarins:

- **Skóladagatal næsta vetrar:** Umræða um skóladagatalið. María fór yfir upphafsdagana fyrir starfsfólk bæði er um að ræða sameiginlega námskeiðsdaga fyrir nýtt starfsfólk í Hafnarfirði og svo námskeiðsdagar fyrir starfsfólk í Setbergsskóla. Við gátum valið 2 skipulagsdaga 1. okt. 30. jan. Samtalsdagarnir eru 9. október og 4. febrúar. Skólustarf hefst aftur 6. janúar. Þemadagar í mars þrjú dagar til uppbrots en einn af þeim er skertur nema í unglingadeild. Skólaslit 9. júní og 3 frágangsdagar. Í unglingadeild eru 3 námsmatsdagar í maí. Einn námsmatsdagur í maí í miðdeild. Þrjú námsmatsdagar í maí í unglingadeild.
- **Viðhaldsáætlun:** María fór yfir áætlun um viðhald fyrir skólana í Hafnarfirði en það er í fyrsta skipti sem slík áætlun er lögð fyrir. Viðhald á fasteignum hefur verið í lágmarki frá því í hruninu. Uppsafnaður viðhaldskostnaður næstu 3 árin er 75 milljónir. Í Setbergsskóla á að mála á vegg, glugga og gera við sprungur utanhúss. Nú er búið að endurnýja hitaskýrikerfið að fullu. Endurnýja þarf dúka og mála eftir lekaskemmdir. Leggja á áherslu á að mála í unglingadeild á þessu ári. Það þarf einnig að gera við þakið en búist er við að það verði kostnaðarsöm framkvæmd. Lagfæra þarf hellur við aðalinngang og lögð verður áhersla á að skipta um undirlag við leiktæki og fá ný leiktæki.
- **Skólaþing með foreldrum:** María ræddi um skólaþingið en það var haldið mánudaginn 25. mars hjá unglingadeildinni og síðan miðvikudaginn 27. mars hjá miðdeildinni. María óskaði eftir að skólaráðið kæmi aftur til fundar á næsta fimmtudaginn 4. apríl til að fara nánar yfir afrakstur skólaþinganna.
- **Niðurstöður Olweusar:** María fór yfir niðurstöður Olweusarkönnunarinnar. Við buðum foreldrum á kynningarfund, kynningarfundur var fyrir stýrihópi og auk þess verða kynningar fyrir nemendum. María fór yfir hvaða stöðir þurfa að

# Skólaráð

---

vera til þess að skóla geti talist Olweusarskóli. Farið var yfir þá þætti sem þarf að vinna með.

## Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.